

Fræðsluvefur sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Þessi vefur hefur að geyma fræðslu fyrir grunnskólakennara í samstarfi sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu sem hófst vorið 2013. Fræðslunni er miðlað gegnum upptökur og dreifiefni sem getur nýst kennurum til símenntunar og starfspróunar.

Nýjasta efnið á þessum vef er um fjölmennningarlegt skólastarf (sjá hnappinn FJÖLMENNING í veftrénu) þar sem verið er að bæta inn nýja efni þessi misserin. Vorönn 2018 eru fræðslufundir í Bratta (sal í húsnæði Menntavísindasviðs HÍ í Stakkahlíð) sem hér segir:

- *Mánudagur 12. febrúar kl. 14.30-16:*

Kennarinn og fjölbreytti nemendahópurinn – KENNSLUFRÆÐI FJÖLMENNINGAR

Markhópur: Grunnskólakennarar, náms- og starfsráðgjafar, kennsluráðgjafar o.fl.

Áhersla: Fræðslan miðar að því að kynna kennurum og kennsluráðgjöfum ýmsar aðferðir og leiðir sem nýttar eru í kennslu og móttöku innflytjenda í daglegu skólastarfi grunnskóla í Skandinavíu.

- *Föstudagur 2. mars kl. 13.30-15:*

Ábyrgð á skólastarfi fyrir innflytjendur – STEFNUMÓTUN Í SKÓLASTARFI INNFLYTJENDA

Markhópur: Skólastjórnendur, starfsfólk skóla-/fræðsluskrifstofa og sveitarstjórnarfólk.

Áhersla: Fræðslan fjallar um mikilvægi skýrrar stefnu um móttöku og eftirfylgni við nemendur af erlendum uppruna/eiga annað móðurmál en íslensku. Fjallað verður um skipulag, stuðning og fræðslu til handa skólafólki með vísan í viðhorf, verklag og vinnubrögð sem hópurinn kynntist í Skandinavíuferðunum.

- *Mánudagur 12. mars kl. 14.30-16:*

Móttaka nýrra nemenda – AÐFERÐIR VIÐ MAT Á NÁMSSTÖÐU

Markhópur: Skólastjórnendur, grunnskólakennarar, náms- og kennsluráðgjafar o.fl.

Áhersla: Fræðsla sem snýr að því að skýra aðferðir og sjónarmið sem eru notuð til að meta námsstöðu innflytjenda og þau verkfæri sem eru notuð til þess í Skandinavíu.

Fræðslan er tekin upp og má nálgast upptökur [hér](#).

Fræðslan á þessu vefsvæði er skipulögð í eftirfarandi þemum hér á vefsvæðinu þar sem nálgast má frekari upplýsingar um fyrri fræðslu:

- [Fjölmening og nám í grunnskóla 2016-2017 og 2017-2018.](#)
- [Málefni bráðgerra og hæfileikaríkra nemenda skólaárin 2014-2015 og 2015-2016.](#)
- [Námsmat í list- og verkgreinum og ípróttakennslu vor 2014.](#)
- [Hæfniviðmið haust 2013.](#)
- [Leiðsagnarmat vor 2013.](#)

Uppfært 24 .september 2017